

A 1769/tillvæxt

Flytjandi Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um góð starfsskilyrði í siglingum**Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún beiti sér gegn tillögum sem hafa í för með sér félagsleg undirboð í siglingum og að hún styðji við reglur sem vernda norræna líkanið af launa- og starfsskilyrðum.

Bakgrunnur

Á Norðurlöndum er hefð fyrir því að hafa starfsskilyrði og félagslegt öryggi fólks í fyrirrúmi. Norrænu löndin eiga öll að beita sér fyrir því að tryggja starfsskilyrði og félagslegt öryggi á vinnumarkaðnum öllum og þá einnig hjá starfsfólki í útgerð.

Frjáls för milli landa er af hinu góða en jafnframt verða að gilda sameiginlegar leikreglur þar sem samkeppni er háð á sanngjörnum og jöfnum forsendum. Frjáls för fólks á milli landa á ekki að gera útgerðum kleift að ráða til sín starfsfólk frá lágláunalöndum þar sem starfsskilyrði eru slæm og eftirlit örðugt.

Félagsleg undirboð, það er að segja óviðunandi lág laun og slæm starfsskilyrði, eru ekki eingöngu vandamál þeirra starfsmanna sem í hlut eiga. Þau hafa áhrif á allt starfsfólk á vinnumarkaðnum. Hér er einnig um réttlát samkeppnisskilyrði að tefla. Félagsleg undirboð skekkja samkeppnismarkaðinn fyrir þeim meirihluta fyrirtækja sem virðir reglurnar. Við viljum að fyrirtæki keppi á grundvelli mikilla gæða og framleiðni en ekki ömurlegra launa.

Félagsleg undirboð verða ekki liðin og siglinga-/flutningageirinn er afar mikilvægt svið þar sem launa- og starfskjörum er ógnað og því er nauðsynlegt að grípa til ráðstafana sem koma í veg fyrir slæma þróun hvað varðar öryggi, laun og starfsskilyrði.



Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði styðja baráttu stéttarfélaganna á Norðurlöndum gegn félagslegum undirboðum og styðja jafnframt meginreglur vinnumarkaðarins sem grundvallast á samningum milli aðila hans um norræn laun og starfsskilyrði, en þau snerta alla sem starfa við siglingar úr norrænum höfnum og/eða hafa daglegt viðurværi (brottför og koma) af siglingum úr og í hafnir á Norðurlöndum.

Garði, 9. ágúst 2018

Annette Lind (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Sonidsson (S)
Ingalill Olsen (A)
Jorodd Asphjell (A)
Karen J. Klint (S)
Lars Mejern Larsson (S)
Lennart Axelsson (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Mogens Jensen (S)
Nina Sandberg (A)
Oddný Harðardóttir (Sf)

Orla Hav (S)
Per-Arne Håkansson (S)
Peter Johnsson (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Ruth Mari Grung (A)
Stein Erik Lauvås (A)
Suzanne Svensson (S)
Tellef Inge Mørland (A)
Ville Skinnari (sd)